



## Lyfjamál 102

## Lyfjasala 1991-2001

Eggert Sigfússon


SÖLUTÖLUR FRÁ LYFJAHEILDSDÖLUM 2001 LIGGJA NÚ fyrir og hér að neðan er yfirlit um lyfjasölu árin 1991-2001. Tölurnar eru umreiknaðar miðað við ársmeðaltöl vísitölu neysluverðs (Hagstofa Íslands) til þess að fá einhverja nálgun að sambærilegum tölum. Aukning milli ára er nú síðast 16% (24% ef reiknað er á

verðlagi hvors árs án vísitöluleiðréttingar). Selt magn 2001 er 12% dýrara í desember 2001 heldur en í janúar sama ár. Heildaraukning lyfjasölu frá 1991 er 108%. Á sama tíma hefur notkun mæld í skilgreindum dagskömmtum aukist um 57%, eða úr 658 í 1035 SDS/1000 íbúa/dag. Þar af 5,2% milli 2000 og 2001.

**Tafla I.** Verðmæti á hámarks apóteksverði með virðisaukaskatti. Milljónir króna (leiðrétt miðað við ársmeðaltal vísitölu neysluverðs).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
A Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	1.063	1.030	934	901	940	912	958	1.071	1.169	1.278	1.467
B Blóðlyf	282	306	308	336	317	352	349	491	570	542	658
C Hjarta- og æðasjúkdómalyf	920	990	874	928	951	958	1.008	1.147	1.220	1.369	1.674
D Húðlyf	309	348	393	453	456	446	447	455	441	368	396
G Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf, kynhormón	330	383	418	516	593	640	665	713	774	804	938
H Hormónalyf, önnur en kynhormón	120	142	138	149	161	164	160	176	196	219	233
J Sýkingalyf	768	706	739	771	675	752	759	826	833	948	934
L Æxlishefjandi lyf	176	190	206	257	268	246	262	328	453	481	820
M Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	304	315	289	303	310	350	362	412	453	571	704
N Tauga- og geðlyf	1.059	1.285	1.333	1.564	1.783	1.965	2.195	2.572	2.775	3.147	3.596
P Sníklalyf	25	26	27	32	35	41	40	44	43	42	37
R Öndunarfæralyf	537	559	538	642	743	839	892	931	985	1.023	1.083
S Augn- og eyrnalyf	154	151	161	167	173	195	193	201	188	223	263
V Ýmis lyf	176	187	209	226	213	201	207	209	180	146	173
<b>Samtals</b>	<b>6.225</b>	<b>6.617</b>	<b>6.566</b>	<b>7.247</b>	<b>7.618</b>	<b>8.060</b>	<b>8.499</b>	<b>9.575</b>	<b>10.281</b>	<b>11.161</b>	<b>12.976</b>
<b>Breyting milli ára</b>	<b>-4,9%</b>	<b>6,3%</b>	<b>-0,8%</b>	<b>10,4%</b>	<b>5,1%</b>	<b>5,8%</b>	<b>5,4%</b>	<b>12,7%</b>	<b>7,4%</b>	<b>8,6%</b>	<b>16,3%</b>
Greiðslur TR til apóteka	3.273	3.629	3.242	3.618	3.956	4.250	4.322	4.622	5.274	5.042	4.816
Greiðslur TR vegna S-merktra lyfja											860

**Mynd 1.** Lyfjasala árin 1991-2001, skipt eftir lyfjaflokkum.



Höfundur er deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.